

KFRT2KF05(MA)

Búið til: Thu, 02 May 2019 14:24:11 GMT

Titill

Kvikmyndafræði

Skammstöfun

KFRT2KF05(MA)

Útgáfunúmer

5

Námsgrein

Kvikmyndafræði

Viðfangsefni

Kvikmyndafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

MA

Lýsing

Í áfanganum er stiklað á stóru í 100 ára þróun kvikmyndarinnar sem afþreyingarmiðils þar sem lögð er áhersla á þróun í frásagnarhætti miðilsins. Frá frumstæðri myndatöku handsnúinna svart hvíta myndbúta yfir í stafrænan samruna veruleika og sýndarveruleika nútímans. Þróun aðferða frá einföldum myndskeiðum yfir í samsetningu atburðarrásar á klippiborðinu er skoðuð sem og hljóðvinnsla, áhrifahljóð, lýsing, beiting myndavélar í frásögn yfir í ímyndaðan heim stafrænnar tækni. Nemendur horfa á kvikmyndir eða kvikmyndabúta sem eru vörður í þessari þróun. Nemendur lesa sér til um þróunina og leysa verkefni sem tengist þeim kvikmyndum sem þeir horfa á. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þróun kvikmyndarinnar sem frásagnarforms
- þróun á einstökum þáttum kvikmyndarinnar sem mynda þá heild sem kvikmyndin er
- mikilvægum hugtökum greinarinnar
- grunnaðferðum í greiningu kvikmynda
- frásagnarhætti kvikmynda og samspili þeirra eininga sem mynda þær

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- endursegja og skýra kvikmyndafræðilegan texta
- greina í sundur og skýra hina ólíku þætti sem standa að kvikmynd s.s. hljóð, klippingu og beitingu myndavélarinnar í frásögn
- skilja hvernig þessir sömu þættir vinna saman að frásögninni og stýra upplifun áhorfandans
- skilja hvað gerir góða kvikmynd að góðri kvikmynd

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina upp kvikmyndina og njóta handverksins sem hún er
- skilja þá þætti sem standa að kvikmynd og hvað gerir góða kvikmynd að góðri kvikmynd
- njóta hins skapandi framlags sem stendur að kvikmyndinni og gert upplifun hans ríkari en svo að einungis sé um afþreyingu sé að ræða

Námsmat

Námsmat er tilgreint í kennsluáætlun og samræmist skólanámskrá.

Skólar

Fyrirmynd